

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 51/2024

2024/EES/52/08

frá 15. mars 2024

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2724 frá 27. september 2023 um breytingu og leiðréttingu á framseldri reglugerð (ESB) nr. 134/2014 að því er varðar tilteknar tilvísanir í reglugerðir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu (UNECE) og aðgengi að tilteknum hreinum lofttegundum
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 46d (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 134/2014) í I. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„— **32023 R 2724:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2724 frá 27. september 2023 (Stjtið. ESB L, 2023/2724, 6.12.2023).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2023/2724, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. mars 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. mars 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.